

Sp.

654. Tillaga til þingsályktunar

[178. mál]

um rekstur gömlu togaranna.

Flm.: Sigurður Guðnason, Steingrímur Aðalsteinsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það, að þeir af gömlu togurunum, sem sjófærir geta talizt, verði tafarlaust gerðir út til veiða.

Varðandi framtíðarrekstur gömlu togaranna skal ríkisstjórnin láta athuga, hvort hagkvæmt sé að láta setja oliukyndingu í umrædda togara, og ef svo telst til, skal hún hlutast til um, að veitt verði nauðsynleg leyfi til þeirra framkvæmda og enn fremur beita sér fyrir því, að bankarnir greiði fyrir framkvæmdinni með nauðsynlegum lánveitingum.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er og m. a. hefur verið staðfest við atvinnuleysisskráningu, er atvinnuleysi nú orðið mjög tilfinnanlegt, svo að til stórvandræða horfir. Við slíkt ástand virðist það nokkuð fjarri réttu lagi, að stórvirk og verðmæt framleiðslutæki, eins og gömlu togararnir þrátt fyrir allt eru, skuli vera látin ónotuð, þegar hægt væri með skynsamlegum rekstri þeirra að gera allt í senn: veita stórum hópi verkamanna og sjómanna atvinnu, afla þjóðinni erlends gjaldeyris, sem hún er mjög þurfandi fyrir, og skapa fiskiðnaðarfyrirtækjum í landi grundvöll til starfsemi.

Kröfurnar um útgerð gömlu togaranna verða líka, að vonum, stöðugt háværi. Þannig hafa verkamannafélagið Dagsbrún, almennur fundur verkamanna og sjómanna í Hafnarfirði og fulltrúaráð verk lýðsfélaganna í Reykjavík nýlega gert um þetta samþykktir, þar sem krafizt er, að togararnir verði gerðir út. Einnig hefur verið borin fram tillaga um þetta efni í bæjarstjórn Reykjavíkur.

Ýmsir gömlu togaranna eru nú í sjófæru ásigkomulagi, og væri hægt að hefja tafarlaust veiðar á þeim og sjálfsagt að það sé gert. Hvað framtíðarrekstur snertir er talið, að einn helzti örðugleikinn við útgerð gömlu togaranna sé sá, að alltof dýrt sé að kynda þá með kolum, saman borið við oliukyndingu nýju togaranna. Ýmsir útgerðarmenn hafa því undanfarið verið að athuga um möguleika til þess að setja oliukyndingu í gömlu togarana. Sumir útgerðarmenn telja, samkv. tilboðum, sem fengizt hafa, að kostnaður við slíka breytingu mundi verða um 200 þús. kr. á hvert skip, aðrir telja kostnaðinn verða nokkru meiri, en hvort sem er, þá virðist þetta ekki vera sérlega há fjárhæð, þegar um það er að ræða að gera slík atvinnutæki sem gömlu togarana starfhæf. Samt sem áður munu bollaleggingar um þetta hafa strandað á því, að ekki hafa fengizt nauðsynleg leyfi til þessara framkvæmda. Enn fremur munu vera erfiðleikar á útvegum lánsfjár til þessara framkvæmda.

Það virðist því vera full ástæða til þess, að ríkisvaldið láti þetta mál til sín taka, og er ætlunin með þessari þáttill. að leggja fyrir ríkisstjórnina að greiða fram úr málinu, þannig að útgerð gömlu togaranna verði hafin tafarlaust.